

Reykjavík, 17. september 2020
2009316/0.5.2.2/jjh

Dreifibréf embættis landlæknis Nr. 3/2020

Tilkynning frá sóttvarnalækni

Efni: Bólusetning gegn árlegri influensu

Fyrirhugað er að influensubóluefni á vegum sóttvarnalæknis verði tilbúið til afhendingar frá dreifingaraðila í byrjun október nk. Bóluefnið sem notað verður í bólusetningum veturinn 2020–2021 samkvæmt samningi sóttvarnalæknis við Vistor verður:

- [Vaxigrip Tetra](#) – 70.000 skammtar

Dreifing bóluefnis til aðila sem sinna bólusetningum miðast við það magn sem áætlað var í könnun sóttvarnalæknis veturinn 2019–2020 og mun Distica dreifa bóluefninu í samræmi við það.

Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá Distica hf., (þ.m.t. í Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ, Álftanesi og Seltjarnarnesi) og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöð til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Allir sem panta bóluefnið hjá Distica þurfa að greiða fullt innkaupsverð bóluefnanna skv. samningum sóttvarnalæknis við Vistor og ræðst endanlegt verð af lyfjaverðskrárgengi septembermánaðar 2020, **1.177 kr. m/vsk.** fyrir hvern skammt.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við influensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu en til að svo megi verða þarf einungis að krefja þessa einstaklinga um greiðslu fyrir umsýslukostnaði.

Sóttvarnalæknir endurgreiðir innkaupsverð bóluefnisins fyrir þessa forgangshópa (ekki umsýslukostnað) en þá þarf að senda reikning á [rafrænu formi](#) til embættis landlæknis **fyrir 1. júní 2021.**

Einnig þarf að senda **rafrænt fylgiskjal** á excel-formi samhliða reikningi til sóttvarnalæknis með upplýsingum um hina bólusettu: Kennitölu, dags. bólusetninga, nafni bóluefnis og hvaða áhættuhópi einstaklingarnir tilheyra.

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttir í síma 510-1900 eða tölvupósti juliana@landlaeknir.is

Auk ofangreinds bóluefnis þá hefur Icepharma/Parlogis til ráðstöfunar 5.000 skammta af bóluefninu [Influvac tetra](#) sem verður tilbúið til afgreiðslu hjá þeim 1. október nk. Verð á þessu bóluefni er skv. Lyfjaverðskrá og er ekki niðurgreitt af sóttvarnalækni.

Sóttvarnalæknir